

146

11. júlí

Sjóðurinn skal ávaxtast í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands og skulu allir vextir og gjafir, er sjóðnum innhendast, leggjast við höfuðstólinn þar til hann er orðinn 1000.00 kr.

2. gr.

3. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 1000.00 krónur skal $\frac{1}{10}$ af vöxtunum leggjast við höfuðstólinn, en $\frac{9}{10}$ hlutum skal árlega varið til styrktar fátækum sjúklingum í Svalbarðsstrandarhreppi.

4. gr.

Sjóðurinn stendur að öllu leyti undir stjórn »Kvennfjélags Svalbarðsstrandar« meðan það starfar. Leysist fjelagið upp, tekur hreppsnefnd við umsjón sjóðsins.

Sjái stjórnin ekki ástæðu til að veita úr sjóðnum árlega, leggur hún vextina í sjóð, sem hún ávaxtar þar til brýnni þörf er fyrir hendi.

Reikningur sjóðsins skal birtur í Stjórnartíðindunum 5. hvert ár, eftir að farið verður að úthluta styrknum.

5. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á þessari skipulagsskrá

Efridálksstöðum, 26. febrúar 1919.

F. h. »Kvennfjélags Svalbarðsstrandar«.

Sigríður Þorláksdóttir.

147

11. júlí

Staðfesting kouungs á skipulagsskrá fyrir Barnasjóð Svarfdæla, útgefin á venjulegan

hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 11. júlí 1919.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Barnasjóð Svarfdæla.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af farskólabörnum í Dalvík og Grund í Svarfaðardal með fjárföfnun þeirra á meðal, er hófst árið 1914. Er hann nú að upphæð 503.02 krónur og geymdur og ávaxtaður í Sparisjóði Svarfdæla.

2. gr.

147

11. júlí

Sjóðnum skal stjórnað af sveitarstjórn Svarfaðardalshrepps. Skal stjórnin á ári hverju semja reikning hans ásamt reikningnum sveitarsjóðs, en sýslunefnd endurskoðar reikninginn og úrskurðar og birtir síðan í sýslufundargerð.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal fyrst um sinn ávaxta í Sparisjóði Svarfdæla. Þó má stjórn hans, ef henni þurfa Þykir, gera ráðstafanir til breytinga í þessu efni, en ætíð sjá um, að trygging fyrir geymslu og ávöxtun sjóðsins sje nægileg og örugg. Allir vextirnir skulu leggjast við höfuðstólinn, ásamt árlegri fjársöfnun skólabarna í Svarfaðardal og gjöfum þeim, sem sjóðnum kunna að hlotnast uns hann er orðinn 20000 — tuttugu þúsund — krónur. Eftir það legst $\frac{1}{4}$ ársvaxta við höfuðstólinn, en $\frac{3}{4}$ þeirra falla árlega til útborgunar uns höfuðstóllinn er orðinn 25000 — tuttugu og fimm þúsund — krónur. Síðan mega allir ársvextir falla til útborgunar, en höfuðstólinn má aldrei skerða.

4. gr.

Þeim hluta vaxtanna, sem fellur til útborgunar, skal verja til styrktar efnilegum ungmennum í Svarfaðardalshreppi, er notið hafa barnafræðslu þar — sveinum jafnt sem meyjum — til frekara náms í almennum mentum, svo og til að leggja stund á listnám. Veita skal styrkinn til eins árs í senn, minst 300 krónur hverjum styrkþega. Veita má sama manni styrkinn oftar en í eitt skifti.

Svo framarlega sem enginn sækir sá um styrk af sjóðnum, er telst verður þess að öðlast hann, má verja úthlutunarfjenu það ár til styrktar unglingskólalaldi í Svarfaðardal. Að öðrum kosti leggist það við höfuðstólinn.

5. gr.

Úthlutun styrksins ráða 3 menn. Aðalkennarinn við helsta barnaskóla sveitarinnar, sóknarpresturinn í Vallanesprestakalli og maður, sem kjörinn er af sveitarmönnum til þessa. Skal hann kosinn til þriggja ára í senn og fer um kjörgengi hans og kosning sem til hreppsnefndar væri.

6. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Dalvík, 31. mars 1919.

Í umboði skólabarna í Svarfaðardal.

Stefán Kristinsson. Þorsteinn Jónsson. Trygvi Kristinsson.

Jóh. Jóhannsson.